



FJÁRFESTINGARBANKI

Fréttatilkynning

Hálfsársuppgjör 2008

1. janúar 2008 til 30. júní 2008

27. ágúst 2008

Afkoma MP Fjárfestingarbanka hf. á fyrri helmingi ársins 2008

Helstu niðurstöður úr rekstri og efnahag:

- Hagnaður á fyrstu sex mánuðum ársins nam 1.525 m.kr. sem er 36,4% aukning samanborið við fyrstu sex mánuðina árið 2007.
- Hagnaður bankans fyrir skatta á fyrri helmingi ársins nam 1.540 m.kr. sem er 16,5% aukning frá sama tíma í fyrra.
- Hreinar vaxtatekjur eru 762 m.kr. á fyrstu sex mánuðunum samanborið við 159 m.kr. fyrstu sex mánuði árið 2007.
- Vaxtatekjur jukust um 45,6% á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við sama tíma í fyrra og námu alls 3.190 m.kr.
- Arðsemi eigin fjár (ROE) jafngildir 49,6% ávöxtun á ársgrundvelli fyrstu sex mánuði ársins 2008.
- Gengishagnaður af fjármálastarfsemi jókst um 8,3% á milli tímabila og er 679 m.kr.
- Hreinar rekstartekjur jukust um 16,5% frá sama tíma í fyrra og námu 2.083 m.kr.
- Heildareignir bankans jukust um 29,8% frá áramótum, voru 68.220 m.kr. í lok júní 2008, samanborið við 52.549 m.kr. þann 31. desember 2007.
- Laust fé bankans nam 10.742 m.kr. þann 30. júní 2008.
- Eigið fé var 7.502 m.kr. þann 30. júní 2008 sem nemur 21,3% aukningu frá 31. desember 2007.
- Eiginfjárhlutfall (CAD) samstæðunnar var 29,6% í lok júní 2008 samanborið við 28,1% í árslok 2007.
- Hagnaður á hlut var 1,43 á fyrstu 6 mánuðum ársins samanborið við 1,04 fyrir sama tímabil á síðasta ári sem nemur 37,5% hækkun.
- Fjöldi starfsmanna eru 50 þann 30. júní 2008 samanborið við 41 starfsmenn á sama tíma í fyrra.



FJÁRFESTINGARBANKI

| Rekstarreikningur | 2008 1.1-30.6 | 2007 1.1-30.6 | Breyting |
|-----------------------------------|------------------|------------------|---------------|
| Vaxtatekjur | 3.189.762 | 2.191.174 | 45,6% |
| Vaxtagjöld | -2.427.360 | -2.031.792 | 19,5% |
| Hreinar vaxtatekjur | 762.402 | 159.382 | 378,3% |
| Þóknunartekjur | 578.001 | 871.987 | -33,7% |
| Þóknunargjöld | -19.900 | -51.114 | 138,9% |
| Hreinar þóknunartekjur | 558.101 | 820.873 | -32,0% |
| Hagnaður af fjáreignum og skuldum | 678.860 | 626.820 | 8,3% |
| Aðrar rekstartekjur | 83.218 | 180.581 | -53,9% |
| Hreinar rekstartekjur | 2.082.582 | 1.787.656 | 16,5% |
| Rekstarkostnaður | -497.984 | -418.111 | 19,1% |
| Afskriftareikningur útlána | -44.938 | -3.000 | 1398% |
| Hagnaður fyrir skatta | 1.539.660 | 1.366.545 | 12,7% |
| Tekjuskattur | -14.838 | -248.719 | 106,0% |
| Hagnaður tímabilsins | 1.524.821 | 1.117.826 | 36,4% |

| Efnahagsreikningur | 2008 1.1-30.6 | 2007 | Breyting |
|--------------------------------------|-------------------|-------------------|--------------|
| Eignir | | | |
| Sjóður og kröfur á fjármálafyrirtæki | 10.742.106 | 7.241.857 | 48,3% |
| Útlán | 13.406.166 | 9.599.516 | 39,7% |
| Markaðsverðbréf | 25.771.689 | 20.659.461 | 24,7% |
| Verðbréf til áhættuvarna | 13.026.879 | 10.418.582 | 25,0% |
| Aðrar eignir | 5.273.403 | 4.629.262 | 13,9% |
| Heildar eignir | 68.220.242 | 52.548.678 | 29,8% |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Endurhverf lán | 9.387.735 | 13.450.667 | -30,2% |
| Lántaka | 17.466.755 | 7.476.824 | 133,6% |
| Fjárskuldir á gangvirði | 14.788.601 | 5.709.533 | 159,0% |
| Skortstöður til áhættuvarna | 8.708.786 | 0 | - |
| Eigin verðbréfaútgáfa | 7.971.675 | 16.361.050 | -51,3% |
| Tekjuskattsskuldbinding | 227.901 | 193.863 | 17,6% |
| Aðrar skuldir | 2.166.746 | 3.169.655 | -31,6% |
| Eigið fé | 7.502.043 | 6.187.086 | 21,3% |
| Heildar skuldir og eigið fé | 68.220.242 | 52.548.678 | 29,8% |



FJÁRFESTINGARBANKI

Umfjöllun um rekstur á fyrri helmingi ársins 2008:

Rekstur MP Fjárfestingarbanka gekk mjög vel á fyrri helmingi ársins, sérstaklega þegar tekið er mið af erfiðum aðstæðum á fjármálamörkuðum um allan heim. Vaxtamunur jókst verulega frá fyrra ári sem skýrist af eigin viðskiptum á skuldabréfamarkaði sem og stórauðnum umsvifum í skuldabréfamiðlun. Fyrirnefndir þættir leiddu einnig til verulegrar stækkunar á efnahag bankans frá ársbyrjun. Þóknunartekjur bankans dragast nokkuð saman frá árinu 2007 sem skýrist af minnkandi veltu á innlendum hlutabréfamarkaði en á sama tíma má sjá verulega aukningu í þóknunum skuldabréfamiðlunar sem og umtalsverðri tekjuaukningu frá útibúi bankans í Litháen. Rekstur útibúsins í Litháen hefur gengið vel það sem af er ári og hefur bankinn nú þegar skapað sér sterka stöðu meðal fjárfesta í landinu.

Eignastýring bankans hefur gengið vel það sem af er ári. Góður árangur í stýringu fyrir viðskiptavinum ásamt óhæði hefur leitt til verulegrar aukningar á eftirspurn eftir þjónustu bankans á sviði eignastýringar fyrir einstaklinga og fagfjárfesta.

Gengishagnaður bankans var góður á fyrri hluta ársins sem skýrist fyrst og fremst af eigin viðskiptum bankans með skuldabréf. Bankinn styðst við varfærnisjónarmið við mat á öllum eignum í eignasafni, hvort sem um skráðar eða óskráðar eignir er að ræða.

Það er mat bankans að lánasafnið sé traust. Nánast öll lán eru tryggð með verðbréfaeign og er virkri áhættustýringu beitt við að meta stöðu einstakra lána. Í hálfársuppgjöri eru öll lán metin með varfærnisjónarmiði og hefur bankinn nú þegar lagt til hliðar almenna varúðarfærslu á afskriftareikning útlána sem nemur um 1,5% af útlánunum til viðskiptavina bankans.

Fjármögnun bankans hefur gengið vel á árinu. Gengið hefur verið frá nýjum lánalínum við innlend og erlend fjármála fyrirtæki og gekk útibúð í Litháen einnig frá sinni fyrstu lánalínu á fyrri hluta ársins.

Horfur á síðari hluta ársins 2008:

Ekki sér fyrir endann á þeim þrengingum sem eru á fjármálamörkuðum um allan heim. Þróun efnahagsmála hér á landi, þ.e. háir stýrivextir, verðbólga, gengisfall krónunnar og lækkandi eignaverð, hafa skapað erfið rekstrarskilyrði fyrir innlend fyrirtæki.

Það hefur komið bankanum vel á þessu ári að vera ekki með stóran hluta eigna sinna bundinn í langtímalánum og hlutabréfum. Bankinn hefur því náð að breyta um áherslur í samræmi við aðstæður. Á síðari hluta ársins verður áhersla lögð á vöxt útibúsins í Litháen þar sem bankinn sér mikil tækifæri til sóknar. Einnig verður unnið að frekari eflingu skuldabréfamiðlunar og eignastýringar, þar sem óhæði og fagmennska verða áfram höfð að leiðarljósi.

Þrátt fyrir erfið rekstrarskilyrði á fjármálamörkuðum er það mat bankans að á tímum sem þessum myndist góð tækifæri. Hátt CAD eiginfjárlutfall, sterk lausafjárstaða sem og traustur rekstur gefur bankanum tilefni til bjartsýni.

Frekari upplýsingar veitir Styrmir Þór Bragason, forstjóri MP Fjárfestingarbanka. Sími +354 540 3200.

Afrit af ársreikningi bankans má finna á heimasíðu bankans, www.mp.is.

Tilkynning vegna hálfársuppgjörs 2008